

Nd.

389. L ö g

um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

1. gr.

Hreppsnefndum er heimilt með samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs Íslands, að koma á vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum.

2. gr.

Nú vill hreppsnefnd koma á svofeldri vatnsveitu, sem getur um í 1. gr., og skal hún þá láta verkfróðan mann rannsaka staðhátta og, ef tiltækilegt telst að framkvæma verkið, gera nákvæma áætlun um fyrirkomulag vatnsveitunnar og kostnað við lagning hennar og leggja þau gögn fyrir sýslunefnd ásamt áætlun um kostnað við árlegan rekstur vatnsveitunnar, eftir að hún væri komin á. Kostnaður við umgetna rannsókn o. fl. telst til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist að öðrum kosti úr sveitarsjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir, að vatnsveitunni sje komið á, sendir sýslumaður málið til stjórnarráðsins til samþykta, er svo samþykkir það, með eða án skilyrða, eða neitar samþykki og færir ástæður fyrir.

3. gr.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður, að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja, sandtekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á atnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitid verði, að landeigandi biði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

4. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kaupþúnsins og um það, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kaupþúninu.

5. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hrepps-

nefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum i kaupþúninu (sbr. 6. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr 5⁰/₀₀ (fimm af þúsundi) af húsaskattvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6⁰/₀₀ af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum sveitargjöldum.

6. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra i götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur i götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn i hús sitt á eigin kostnað.

7. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugjörðir um vatnsveitu til alinnings nota i löggiltum verslunarstöðum. Reglugerð semur hlutaðeigandi hreppsnefnd, og má i hana setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði viðvikjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja.

8. gr.

I reglugjörðum þeim, sem getur um i 7. gr., má ákveða alt að 200 kr. sektir fyrir brot gegn ákvæðum þeirra, og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.